

ÖLGERÐIN EGILL SKALLAGRÍMSSON HF.


UFS EINKUNN 86 / A3

A1-A3	B1-B3	C1-C3	D
Framúrskarandi	Gott	Miðlungs	Slakt


UFS NIÐURSTÖÐUR

NIÐURSTÖÐUR	Vægi	Stig	Einkunn
Heildareinkunn	100%	86	A3
Umhverfisþættir	38.5%	89	A3
E.1 Visthagkvæmni	20%	96	A2
E.2 Umhverfisstjórnun	13.5%	94	A2
E.3 Vörur og þjónusta	5%	50	C1
Félagsþættir	31%	88	A3
S.1 Mannauður	23%	92	A2
S.2 Viðskiptaánægja og tengsl við samfélagið	3%	85	B1
S.3 Vörur og þjónusta	5%	70	B2
Stjórnarþættir	30.5%	81	B1
G.1 Almennir stjórnarþættir	10%	85	B1
G.2 Starfshættir og aðfangakeðja	20.5%	79	B2

UFS EINKUNN



UFS EINKUNNADREIFING



STUTT SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM

Ölgerðin fær framúrskarandi einkunn í UFS mati Reitunar og endar með 86 stig, flokkur A3. Félagið hefur lagt áherslu á sjálfbærni til lengri tíma og stendur framarlega á íslenskum markaði hvað varðar sjálfbærni. Ölgerðin vinnur markvisst að því að draga úr losun frá heildarstarfsemi og hefur sett sér markmið byggð á vísindalegum grunni (SBTi) sem hafa verið staðfest. Einnig hafa verið sett markmið um kolefnishlutleysi frá öllum rekstri (e. Net-Zero) fyrir árið 2040. Til að ná settum markmiðum eru stjórn og stjórnendur virk þegar kemur að sjálfbærnimálum og eru sjálfbærniupplýsingar hluti af árschlutauppgjöri sem er kynnt fjárfestum og stjórn. Framkvæmdastjórn og lykilstjórnendur starfa eftir kaupaukakerfi tengt sjálfbærnimælikvörðum félagsins og stjórnendur fylgjast með ýmsum sjálfbærnimælikvörðum í sjálfbærnimælaborði. Ölgerðin hefur farið í umhverfsvænar fjárfestingar sem hafa sumar hverjar haft bein jákvæð áhrif á umhverfisáhrif félagsins, t.a.m. notkun á rafmagnsgufukatli, fjárfestingar í rafvöruflutningabilum ásamt því að höfuðstöðvar félagsins hafa hlotið Leed Gold umhverfsvottun. Einnig er árlega framkvæmt loftslagstengt áhættumat á rekstrinum í samræmi við kröfur TCFD sem er styrkur fyrir umhverfismgjörðina. Tæplega helmingur af framlegð samstæðunnar er vegna sölu á eigin vörumerkjum Ölgerðarinnar, en þar getur Ölgerðin haft áhrif á alla virðisdeðjuna og hefur Ölgerðin tekið skref til þess að draga úr umhverfisáhrifum þar.

Hugað er vel að félagsþáttum félagsins þar sem umgjörð fyrir heilsu- og öryggismál, jafnréttismál og fræðslu er mjög góð en hins vegar jókst starfsmannaveita töluvert milli ára. Hjá félaginu er mikil fjölmennig og rík áhersla er lögð á jafnrétti og því til stuðnings hefur félagið gert heildstæða úttekt á vinnustaðnum með tilliti til jafnréttis og fjölbreytileika. Ölgerðin greinir fræðsluþörf starfsfólks reglulega og lagt er upp með að þróa starfsfólk í starfi. Starfsánægja hefur mælst há til lengri tíma sem styður við góða umgjörð félagsins hvað varðar mannauð. Einnig eru gerðar mælingar á viðskiptaánægju og árið 2023 náðist markmið félagsins um viðskiptaánægju. Félagið heldur áfram að leggja sitt af mörkum til að hafa jákvæð áhrif á samfélagið í heild sinni með styrkjum, stuðningi og vörubrúun en liður í því er að fjölga úrvali á hollari drykkjarvörum og áfengislausu bjóra. Hins vegar selur Ölgerðin einnig áfenga drykki, sem geta haft skaðleg áhrif á neytandann sé þeirra neytt í óhófi, en Ölgerðin leggur upp með að fylgja eftir lögum varðandi ábyrga markaðssetningu og stuðla að ábyrgri notkun eins og hægt er. Samkvæmt Ölgerðinni leitast stjórn eftir að fylgja leiðbeiningum um stjórnarþætti fyrirtækja og uppfyllir starfsemi stjórnar félagsins að mestu kröfur sem gerðar eru í þessu mati. Þá starfar félagið eftir starfs- og siðareglum sem unnið er að kynna öllu starfsfólki og innleiða í starfsemi. Ölgerðin starfar með fjölda birgja og fylgir ströngum kröfum í samræmi við reglur um matvælaframleiðslu. Hingað til hefur umgjörð félagsins takmarkað náð til sjálfbærniþátta en innleiðing á sjálfbærniþáttum í aðfangakeðju félagsins er í góðum farvegi. Heilt yfir stendur Ölgerðin mjög vel að sjálfbærnimálum og leggur upp með að lágmarka þá áhættu sem er til staðar.

SAMANBURÐUR VIÐ ÍSLENSKA ÚTGEFENDUR

Ölgerðin hf. er fyrir ofan meðaltal í öllum flokkum í samanburði við aðra innlenda útgefendur sem hafa farið í gegnum UFS mat hjá Reitun, en þau eru um 40 talsins. Meðaltal markaðarins sýnir heildareinkunn sem er nú 71 stig af 100 mögulegum, flokkur B2. Ölgerðin endar í flokki A3 ásamt fjórum öðrum rekstraraðilum.

Fyrirvarar

Við gerð þessarar greiningar og mats á umhverfis- og félagsþáttum og stjórnarháttum (UFS), er gengið út frá því að þau gögn og upplýsingar sem Reitun hefur fengið aðgang að til skoðunar séu sannleikanum samkvæmt og ekki liggja fyrir frekari gögn. Hafi Reitun fengið afhent ljósrit af skjölum gengur Reitun út frá því að þau séu í samræmi við frumrit viðkomandi skjala og ekki hafi verið gerðir neindir viðaukar eða breytingar á þeim eftir á. Þá er gengið út frá því að allar undirritanir á skjöl og samninga sem Reitun hefur fengið aðgang að séu réttar og skuldbindandi fyrir félagið.

Þær skoðanir og spár sem hér koma fram eru byggðar á almennum upplýsingum og mögulega trúnaðarupplýsingum sem Reitun hefur undir höndum þegar matið er ritað. Helstu heimildir eru ársskýrslur og ýmis gögn frá þeim aðila sem verið er að meta, spurningalistar, samtöl og fundir auk aðgengilegra opinberra upplýsinga sem birst hafa í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi sem félagið telur áreiðanlegar. Reitun ábyrgist þó ekki áreiðanleika eða nákvæmni upplýsinganna og ber enga ábyrgð á áreiðanleika upplýsingaveitna sem stuðst er við. Upplýsingar í umfjöllun eru einungis birtar í upplýsingarskyni og þær ber ekki að skoða sem tilboð á neinn hátt og þær skulu ekki nýttar á þeirri forsendu að um sé að ræða ráðleggingar vegna fjárfestinga í fjármálagerningum. Fjárfestar eru eindregið hvattir til að afla sér sjálfstæðra ráðlegginga eigin ráðgjafa áður en fjárfest er í fjármálagerningum, s.s. vegna lagalegrar eða skattalegrar stöðu sinnar. Reitun og starfsfólk Reitunar bera ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram

Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega gætt að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar þegar þær eru settar fram getur Reitun, eða starfsmenn Reitunar, ekki borið ábyrgð á villum. Mat á upplýsingum endurspeglar skoðanir Reitunar á þeim degi sem þær eru settar fram, en þær geta breyst án fyrirvara. Hvorki Reitun né stjórnendur eða starfsmenn félagsins bera ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni sem hlýst af upplýsingum sem finna má í þessu mati eða dreifingu slíkra upplýsinga.

Sérstök athygli er vakin á því að áætlanir og spár geta breyst fyrirvaralaust á jákvæðan eða neikvæðan hátt og eru háðar utanaðkomandi óvissu og breytum sem gjarnan eru ekki á valdi Reitunar. Reitun og starfsmenn félagsins taka ekki ábyrgð á því ef að UFS mat einstakra útgefanda sem félagið hefur metið og gefið einkunn á breytist. Reitun ábyrgist ekki að gera breytingar á þeim upplýsingum sem birtar eru í skýrslunni ef forsendur þeirra breytast eða ef í ljós kemur að þær eru rangar eða ónákvæmar.

Reitun, starfsmenn Reitunar, stjórnarmenn eða aðilar tengdir Reitun kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi einstök félög sem greiningar, verðmatsskýrslur og annað útgáfuefni Reitunar lýtur að hverju sinni. Hagsmunir kunna að vera ýmsir t.d. sem hluthafar eða ráðgjafar, eða hagsmunir sem lúta að annarri veittri þjónustu. Möguleiki er á að útgefandi verðbréfa sem metin eru greiðir Reitun fyrir þá þjónustu. Öll greiningarvinna eru engu að síður unnin sjálfstætt af Reitun.

Reitun á allan höfundarrétt að upplýsingum í skýrslunni. Óheimilt er með öllu að dreifa þeim upplýsingum sem finna má í matinu eða nýta þær með öðrum hætti án heimildar Reitunar.